

Ætli ég sé ekki útvegsbóndi

Brynjar Vilmundarson í Feti í Rangárþingi byrjaði seint í hestamennskunni en hefur náð betri árangri en margir aðrir í því að rækta góð hross

Austur í Rangárþingi er hesturinn að taka völdin. Þar hefur orðið til ný tegund af bændabýlum, ef rétt er að kalla þau því nafni, þar sem búið er með hesta og aftur hesta. Það eru bæði heimamenn og aðrir lengra að komnir sem stunda þessa atvinnugrein. Sumir eru fæddir með beisli í hönd, ef svo má segja, hafa alist upp við lifandi áhuga á hestum og aldrei neitt annað komist að. Aðrir eru seinteknari og taka ýmsa Guðnavinka áður en hesturinn grípur þá heljartökum.

Viðmælandi Freys tilheyrir síðarnefnda hópnun. Brynjar Vilmundarson heldur heimili á tveimur stöðum, í þorpinu sem risið er við Rauðalæk, skammt vestan við Hellu, og svo suður í Keflavík. Á báðum stöðum er hann með hross. Þau skipa orðið mjög stóran sess í lífi þessa fiskverkanda sem lengi framan af ævi hafði engan áhuga á hestum og segist aldrei fara á bak að gamni sínu.

En þótt líf og starf Brynjars teygi sig frá Reykjanesi austur að Rangárbökkum þar sem hann elur upp verðlaunahross á jörðinni Feti þá hófst sagan af honum á enn öðrum og fjarlægari stað.

„Ég er fæddur í Ólafsfirði 4. september árið 1937 og ólst upp við harða sveitamennsku,“ segir hann þegar við erum búnir að koma okkur fyrir við eldhúsbörðin á Rauðalæk. „Faðir minn var Vilmundur Rögnvaldsson frá Kvíabekk og móðir mín Lára Guðmundsdóttir, innfæddur Ólafsfirðingur í marga ættliði.


Við bjuggum í þorpinu en frá sex ára aldri var ég öll sumur í Kvíabekk hjá afa mínum og ömmu, fór eins snemma á vorin og hægt var til að losna við vorskólann og dvaldi eins lengi og ég gat fram haustið. Þarna bjó ég hjá fólki sem var fætt upp úr miðri nítjándu öld og búskaparhættir voru eftir því. Ég stóð á skítakvörninni frá sjö ára aldri í tvær til þrjár vikur á hverju vori en þurrkaður og malaður skítur var

notaður sem áburður. Eftir þrjár vikur var skítunum svo rakað saman aftur og það skildi ég aldrei, fannst það óskaplega vitlaust. En skíturinn var notaður til að drygja eldiviðinn.

Amma mín komst aldrei af hlóðaskeiðinu þótt hún eignaðist þessa finu kolaeldavél. Hún sauð graut í stórum potti og það tók okkur tvær vikur að klára hann. Fyrst var hann étinn sem grautur, svo var blandað í hann skyri og



Brynjar Vilmundarson með Merkúr frá Miðsitju en segja má að hann sé sá hestur sem ræktun Brynjars hafi hafist með. Merkúr er bróðir Kröflu frá Miðsitju. (Ljós. Sigurður Sigmundsson).



Kraflar frá Miðsítju, sonur Kröflu. Bæði Kraflar og Merkúr, sjá 1. mynd, eru synir Hervars frá Sveini Guðmundssyni á Sauðárkróki. Ræktunarlína Sveins er þannig æði sterk í hrossum Brynjars. (Ljós. Páll Imsland).

loks þegar hann var orðinn þykkur eins og lím þynnti hún hann með vatni og kallaði vætu. Með þessu var borðað súrt slátur og súrar sviðalappir sem mér þóttu mikið lostæti. Það er það eina sem ég hef stolið vísvitandi um ævina. Á Kvíabekk var ekki komið rafmagn en við höfðum útvarpstæki með þurrarahlöðu og á því var kveikt yfir bláfréttirnar. Svo var fylgst grannt með útdrættinum í Happraðri Háskólans. Á annað var ekki hlustað.“

Brynjar segir frá því að afi hans og amma hafi verið með blandaðan búskap, 6-7 kýr og um 120 ær. „Það var allt slegið með orfi og ljá og systkini fœður míns fóru hamföllum við vinnu. Ég reyndi að standa þeim ekki að baki og man eftir því að sumarið sem ég var á 13. ári meig ég undir á hverri nóttu sakir þreytu.“

HEF ALLTAF ÁTT SAUÐFÉ

Í ljósi þess að viðmælandi minn er nú orðinn landsfrægur

fyrir uppeldi góðhesta skyldi maður ætla að hestar hafi verið honum handgengnir frá blautu barnsbeini.

„Þá voru engir hestar í Kvíabekk sem hægt var að nota til útreiða en þeir voru notaðir í heyskapnum allt sumarið. Ég hafði hins vegar gegndarlausan áhuga á sauðfé og ef ég fannst ekki inni í bæ var alltaf hægt að ganga að mér vísu í fjárhúsum þegar ég var lítill. Mér líður alltaf vel í námunda við fé og hef alltaf átt fé.“

En þegar saumað er að honum kemur í ljós að ekki þarf að leita langt eftir hestamönnum í ættum hans. „Rögnvaldur afi minn borðaði ekki hrossakjöt og vílaði ekki fyrir sér að leggja líf sitt í hættu til að bjarga hesti ef svo bar undir. Hann var ættaður frá Hóli á Upsaströnd og þaðan hafa komið mörg góð hross. Svo flutti hann í Þverá í Skíðadal og þaðan hafa líka komið nothæfir hestar. Foreldrar hans voru sémilega efnað

fólk og fyrir fœðurarfinn keypti hann sér lausamannabréf af danska kónginum og þurfti fyrir vikið ekki að stunda vinnu-mennsku frekar en hann vildi. Hann stundaði hákarlaveiðar í 15-20 vertíðir og þénaði vel á því. Hákarlaveiðimenn voru með svipaðar tekjur í þá daga og sjómenn á góðum frystitogurum nú til dags.“

Það var svo annar þekktur hestamaður úr Ólafsfirði, Sigurður Andrés Kristinsson frá Kvíabekk, náfrændi Brynjars, sem kveikti í honum hestamanninn en að því komum við síðar.

TIL KEFLAVÍKUR

Árið 1952, þegar Brynjar var fimmtán ára gamall, flyst hann með fjölskyldu sinni til Keflavíkur og hefur búið þar síðan, eða í rétt rúmlega hálfari öld. Ástæðan fyrir flutningunum var að atvinna var heldur stopul og einnig að móðir hans var orðin heilsulítil og hætt að þola einangrunina sem fylgdi því að búa í Ólafsfirði.

„Þá var enginn vegur kominn inn í Eyjafjörð. Eini vegurinn út úr firðinum var yfir Lágheiði og hann var bara opinn í 50-60 daga á ári. Það var ekki um annað að ræða en sjóleiðina í 10-11 mánuði á ári.“

Heldur leiddist pilti framan af í Keflavík. Skólagangan var tæpast neitt til að tala um. „Æ, eigum við nokkuð að tala um hana? Ég lenti upp á kant við skólakerfið eins og fleiri kerfi, ég hef andúð á þeim öllum. Ég hafði valið verknámsbraut en þegar til átti að taka var engin enska á stunda-skránni, bara danska. Ég vildi geta talað við allan heiminn og reiddist skólanum, hætti að mæta í aðra tíma en handavinnu, leikfimi og sund.“

Brynjar fór að vinna ýmis störf í Keflavík og á Keflavíkurflug-

velli en ílentist í netagerðinni. „Hún gaf góðar tekjur enda greitt eftir afköstum sem kom sér vel fyrir handfljótan mann,“ segir hann. Smám saman óx netagerðinni fiskur um hrygg og áður en Brynjar sagði skilið við hana hafði hann byggt stórt hús yfir starfsemina, tæplega 800 fermetra á tveimur hæðum. „Mönn-um þótti þetta ansi stórt og spurðu hvort ég væri að byggja yfir Netagerð Íslands.“

Á þessum árum sótti Brynjar inn til Reykjavíkur þegar hann vildi léttja sér upp. „Þar voru stelpurnar miklu sætari,“ segir hann eins og til skýringar. Það fór líka svo að hann náði í konuna sína þar innfrá. Kristín Torfadóttir heitir hún. Þau hófu búskap í Keflavík í einu herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði sem þau deildu með öðrum. Þau eignuðust fjögur börn og nú eru barnabörnin orðin ellefu og barnabarnabörnin þrjú.

FISKVERKUN OG ÚTGERÐ

En þegar Brynjar var á 27. ári keypti hann útgerðarfyrirtæki í félagi við annan mann. „Ég hafði átt viðskipti við marga útgerðarmenn og fylgst með starfsemi þeirra. Ég sá að margt mátti laga og gera betur svo ég ákvað að skella mér í útgerð og sanna mig. Ég gerði út tvo báta og hafði fleiri í viðskiptum og vann úr fiskinum sjálfur.“

Þetta gekk í tuttugu ár en þá ákváðu stjórnvöld að koma á kvótakerfi. „Eins og ég hef áður sagt er ég á mótí öllum kerfum en engu þó eins og kvótakerfinu. Þegar það varð að veruleika seldi ég bátana og hætti í útgerð,“ segir Brynjar. Ekki hætti hann þó öllum afskiptum af fiski því síðan hefur hann stundað fiskvinnslu og fiskútflutning. Hann tók þátt í að stofna Fiskmarkað



Frá Landsmóti á Vindheimamelum 2002. Erlingur Erlingsson á Þristi frá Feti. (Ljós. Nina Hjartardóttir).

Suðurnesja en hefur síðustu árin verkað ferskan fisk sem fluttur er út og sendur utan með flugi.

Því til sönnunar hringir síminn í miðju viðtali og Brynjar svarar. Heyra má að hann er að semja um kaup og sölu á fiski, spyr hvort ekki sé til eitthvað af smáufsa og karfa sem markaður sé fyrir í Bandaríkjunum. Dóttursynirnir standa í þessu fyrir hann en hann stjórnar þeim í gegnum símann.

ANDRÉS Í KVÍABEKK ÁHRIFAVALDUR

Nú eru lesendur Freys áreiðanlega orðnir hissa á því hvers vegna öllu þessu þúðri sé eytt í netagerð og fiskverkun þegar viðtalið á að snúast um hesta og hestamennsku. Skýringin á því er sú að Brynjar hefur enn lifibrauð sitt af fiski og var kominn á fimmtugsaldur þegar hann fór að sinna hestum af einhverju viti.

„Ég var á landsmóti árið 1978 þar sem ég hitti Andrés heitinn

frænda minn í Kvíabekk. Hann vildi endilega að ég keypti af sér hest sem Blakkur hét, klárhest sem hafði lent í 12. eða 13. sæti í B-flokki á mótinu. Ég gerði það og kom honum fyrir hjá Hreini í Helgadal uppi í Mosfellsbæ þar sem hann var í nokkur ár. Þangað vitjaði ég hans nokkrum sinnum og fann fljótt að hann var mjög klárgengur, hlunkaðist strax í brokk ef maður lék ekki við hann. En undan honum kom þó einn mesti og umtalaðasti vekingur landsins, Börkur.

Við Andrés höfðum verið mik- ið saman enda höfðum við báðir mikinn áhuga á fé. Hann hafði svo til viðbótar áhuga á hestum og keypti sér meri fyrir fyrstu peningana sem hann eignaðist. Svo stal hann eggjum frá mömmu sinni til að gefa henni og fyrir vikið hlaut merin nafnið Eggja-Rauðka. Hann lagði alla áherslu á að rækta skeið og gekk það vel enda eru margir góðir vekingar komnir frá Kvíabekk,



Frá Landsmóti á Vindheimamelum 2002. Fjórir fulltrúar Fets á ræktunarbúsýningu landsmótsins. (Ljós. Nína Hjartardóttir).

Börkur, Fjalar og Þór svo nefnd séu dæmi. Hann gaf mér eitt ráð sem var að blanda ekki saman tveimur flugvökrum hrossum ef ég vildi búa til góðan skeiðhest. „Ég hef aldrei fengið neitt út úr því. En ef þú eignast ógurlega rýmismikla meri á brokki þá er þér óhætt að nota hana undir flugvakran hest,“ sagði hann en ég veit nú ekki hvað ráðunaturinn segir um þetta,“ bætir Brynjar við. Ráðunaturinn er Ágúst Sigurðsson sem tekur þátt í spjallinu og gefur lítið fyrir þennan vísdom Andrésar í Kvíabekk.

„Þetta var eina tilsögnin sem ég fékk frá frænda mínum. Hann viðurkenndi síðar að hann væri aldrei að hugsa um neitt annað en að rækta hross undir sjálfan sig. Þess vegna datt hann í þá gryfju að hrossin urðu ekki nógu falleg hjá honum. Ég hef hins vegar alltaf lagt mikið upp úr því að hrossin séu heldur falleg. Mér finnst þau reyndar oft falleg þótt dómurunum finnist það ekki.“

ÉG SEL ÞÉR ALDREI HESTINN!

Blakkur var reyndar ekki byrj-

unin því áður hafði Andrés gefið Brynjari nokkur folöld.

„Ég hafði þau hjá mér í Keflavík og var að æfa mig í að síða þau til eins og ég legg alltaf mikið upp úr. Ég lét þau hlaupa með mér í spotta út um bílgluggann. Ég gaf þessi tryppi því ég ætlaði mér aldrei að eiga hesta. En svo var farið að keppa á Blakki uppi í Mosfellsbæ í nafni fjölskyldunnar í Helgadal. Hreinn kunni því illa að eiga ekki hestinn og falaðist eftir honum en ég neitaði að selja. Hann varð auðvitað svekktur en ég bauð honum að borða og við kýttum áfram um hestinn. Hann sagðist ekki geta farið nema hann fengi hestinn keyptan en ég bauð honum þá að gista. Svona létum við lengi dags þar til ég sagðist skyldu selja konunni hans hestinn. Þannig fóru málin og hann fór ánægður af mínum fundi.

Ég keypti annan hest ættaðan frá Kvíabekk fyrir dóttur mína sem var komin með reiðdellu. Þá fór ég að rifja upp reiðmennskuna og fór stundum á bak honum berbakt því hnakk fékk maður

aldrei fyrir norðan. Mér leið illa að ríða í hnakk. Mér fannst ekki nóg að hafa þennan eina hest svo ég bað Andrés að selja mér hreinan töltara. Ég sagðist ekki vilja þetta helvítis brokk enda gæti ég ekki setið brokkara nema mér liði illa. Hann sendi mér þá meri sem Vala hét, lággeng en hreingengur töltari. Hann hafði ætlað að gefa frú Vigdís forseta þessa meri en forsetinn kom ekki til Ólafsfjarðar svo Andrési þótti rétt að ég fengi merina „þótt þú verðir aldrei forseti,“ bætti hann við.

Þessa meri var ég með í þrjá vetur og reið henni mikið út. Andrés hafði varað mig við því að hún væri illjárnanleg en mér tókst að vinna trúnað hennar svo vel að ég gat staðið við hliðina á henni og sagt henni að sýna mér fótinn og hún lyfti honum bara. Einhverju sinni í sauðburði var hjá mér maður sem ætlaði að járna merina en ég bað hann að bíða meðan ég sinnti fénu. Þegar ég kom aftur var hann kófsveittur, það lak af hverju hári á merinni og hún var búin að lenda á hryggnum upp við vegg en engin skeifa komin undir. Ég sagði honum að leyfa merinni að jafna sig, við skyldum svo járna hana seinna. Það gerðum við, ég stóð hjá merinni og hann járnaði hana eins og ekkert væri.

Í framhaldi af þessu keypti ég lítið hesthús í Keflavík og á það enn. Þar hef ég alið upp fleiri verðlaunahross en margir aðrir. Ég held að það séu komin ein 30 hross sem ég og aðrir hafa átt sem hafa fengið verðlaun.“

Í þessu húsi er Brynjar með folöld sem hann dekrar við. „Ég er þeirrar bjargföstu trúar að uppeldi folalda skipti verulegu máli fyrir hrossin, ekkert síður en mannfólkið. Þess vegna er ég að byggja hús sem tekur yfir 50 folöld enda hef ég verið með 30-40

folöld á hverju hausti undanfarin ár. Ég tek þau undan mæðrum sínum fyrir jól og set þau í hús þar sem ég bind þau og hef á þeim þröngan múl allan veturinn.

Fyrstu tvo-þrjá dagana er ég eins mikið innan um þau og ég get enda finnst þeim ég vera orðinn eins og einn af hópnum eftir það. Þau treysta mér alveg. Að sjálfsgöðu set ég þau út öðru hvoru en það er reynsla mín að eftir tvær til þrjár vikur eru þau flest farin að leita aftur í stíuna og bíða þess að verða bundin. Mín reynsla er sú að gott uppeldi folalda stytta tamningatímamann verulega. Erlingur Erlingsson sem var tamningamaður hjá mér í mörg ár sagðist vera farinn að ríða út hrossunum sem koma frá Keflavík eftir tvær til fjórar vikur og að tamningatímaminn væri allt að þremur mánuðum styttri en hjá öðrum hrossum.

Ég lærði það af því að vera með sauðfé að lamb sem ekki fær góða umönnun og gott fóður frá byrjun verður aldrei almennileg skepna. Ég vona að sem flestir séu mér sammála í því að íslenski hesturinn eigi það skilið að fá gott uppeldi. Við eigum ekki öllu betri sendiherra á erlendri grund.“

LANDAKAUP Í RANGÁRÞINGI

Smám saman óx þessi starfsemi Brynjars í Keflavík og að því kom að hann fór að svipast um eftir landi til að geta haft hrossin á þegar þau urðu stærri. Hann leitaði fyrir sér austur í Rangárvallasýslu og fékk að hafa hross hér og þar. Um tíma var hann með hross á einum átta bæjum á Suðurlandi. Að því kom að hann vildi koma sér upp eigin landi undir starfseminu. Það var orðið dýrt að hafa þetta á svona mörgum stöðum þótt hrossin væru ekkert sérstaklega mörg, skiptu nokkrum tugum.



Frá Landsmóti 2000 í Reykjavík. Fimm fulltrúar Fets á ræktunarbússýningu landsmótsins. (Ljós. Nína Hjartardóttir).

Fetið, sem nú eru höfuðstöðvar Brynjars í Rangárþingi, er um 200 hektarar. Á ýmsu gekk í samningaviðræðunum út af þeirri jörð og um tíma leit út fyrir að hann yrði að gerast kartöflu-ræktandi til þess að fá landið en úr því varð þó ekki. Fetið var ákaflega blautt og ekki akfært um það nema á fjórthjóli. Brynjar varð því að ræsa það fram, leggja um það vegi og byggja á því hús því þar var ekkert nema einn braggi sem vantaði gaflinn á og reyndist fullur af skít.

Næst var röðin komin að Lindarbæ þar sem hann náði góðum samningum um að kaupa 250 hektara af landi. Einnig þar þurfti hann að eyða töluverðu í að ræsa landið fram og þurrka það. „Svo rafgirti ég það eins og allt land sem ég hef undir höndum.“ Síðasta viðbótin er hluti af Syðra-Rauðalæk sem Brynjar keypti fyrir fimm árum. Það liggur að Feti svo nú á hann þar 400 hektara samliggjandi, auk Lindarbæjar sem er þar skammt frá. Forsætið er hann hins vegar að losa

sig við. Þar hefur hann verið með tryppin þar til þau eru orðin tveggja vetra en þá flytur hann þau í Fetið.

FLEIRI EN 10, FÆRRI EN 250

Eins og þessi landakaup bera með sér er hestamennska Brynjars orðin æði mikil um sig. Blaðamaður veit að það á aldrei að spyrja hestamann hversu marga hesta hann eigi en stenst ekki mátið. Að sjálfsgöðu verður Brynjar eins og véfrétt í framan:

„Við skulum segja að ég eigi fleiri en 10 en færri en 250. Miðað við skilgreiningu Guðna heitins í Skarði á ég fá hross því hann taldi ekki með folöld og reyndar ekki hross fyrr en þau voru komin á fjórða vetur. Það eru svona 35-45 í árgangi hjá mér en ég á enga geldinga eldri en fimm vetra held ég. Þetta týnir tölunni ótrúlega hratt því ég er mjög fús að gefa hross þó að það virðist vera einhver regla í kerfinu að það megi ekki gefa hross, það sé jafnvel stjórnarskrárbrot. Ég verð þó að viðurkenna að ég



Tvær hryssur í stóði Brynjars að kljást. (Ljós. Hulda Geirsdóttir).

hef aldrei gefið meri.“

Blaðamaður heldur áfram inn á bannsvæðið og spyr um afkomuna, hvernig eru tekjurnar í þessari grein? Selur Brynjar mikið af hestum?

„Árum saman seldi ég engin hross. Ég leit alltaf á þetta sem dýrt hobbí en nú er skatturinn búinn að segja mér að þetta sé ekkert hobbí. Ég fór ekki út í þennan rekstur hér í Feti í því skyni að trufla aðra sem standa í hrossarækt eða taka af þeim einhverja titla.“

Meira fæ ég ekki upp úr honum um afkomuna. Hins vegar kemur upp úr kafinu að veldi Brynjars er farið að teygja sig út fyrir landsteinana.

„Já, ég keypti tæplega 10 hektara jörð í Danmörku í fyrra í félagi við dóttur mína sem býr þar og starfar við glerlist. Þetta er gamalt lögbýli með húsi og úti-húsum við Limafjörð á Jótlandi og ég tók erlent lán til kaupanna sem hún er að greiða niður. Þang að flutti ég fjórar fylfullar merar og fór svo út síðastliðið haust. Það var reyndar fyrsta utanlands-

ferðin mín í hartnær aldarfjórðung.“

Framhaldið í Danmörku er óráðið en Brynjari líst sæmilega á byrjunina, í það minnsta er hann búinn að ákveða að senda þrjár fylfullar merar til viðbótar. Ekki sagðist hann hafa nýtt sér dönskukunnáttuna en talaði við innfædda á ensku sem hann nam af vörum bandarískra samstarfsmanna sinna þegar hann vann á Keflavíkurflugvelli sem ungur maður.

TÖLTID ER MESTI KOSTURINN

Þessi umsvif Brynjars á Jótlandi eru hluti af vaxandi gengi íslenska hestsins í Evrópu. Í því sambandi vaknaði sú spurning hvort aukinn útflutningur íslenskra hesta breytti ekki áherslum í ræktuninni. Hér á landi eru menn alltaf að eltast við viljug hross en í Evrópu er kannski meiri áhugi á þægum heimilishestum, barnahestum ef svo má að orði komast.

Brynjar er ekki trúður á að þetta breyti miklu. „Fólk byrjar á hesti sem það ræður við en þegar

það finnur að það hefur full tök á honum vill það fá sér viljugra og meira hross. En auðvitað er ekkert vit í því að menn byrji á harðviljugu hrossi. Ég man það sjálfur hvað mér brá þegar ég fór í fyrsta sinn á bak viljugu hrossi.“

– *En hverju sækist þú eftir þegar þú ert að skoða folöldin þín? Hvaða eiginleika þarf gott hross að hafa?*

„Besti eiginleiki góðra hesta er náttúrulega töltið. Því er hins vegar oft haldið fram að hross sé ekki nema hálf ef það vantar í það skeiðið. En 90% af útreiðarfólki á Íslandi er ekki að sækjast eftir flugvökrum hrossum. Það er ekki verra að það búi yfir skeiði en meginmálið er að hrossin séu hreingeng og ekki skemmd í gangi. Andrés frændi minn sagði einhverju sinni þegar hann var á ferð í Víðidalnum og mætti hópi hestamanna að hann tryði því ekki að hægt væri að raða saman svona mörgum truntum á einn stað. Ég svaraði því til að menn yrðu að skoða fólkið sem situr á baki hrossunum. Ef hrossið er þægt og gott og töltir mjúklega þá er það gæðingur eigandans. Svona er þetta bara. Og það er allveg hægt að taka undir með mannum sem sagði að sá hestur væri gæðingur sem þú getur treyst fyrir barninu þínu.“

ÞEGAR AMERÍKA OPNAST

Brynjar gerir ekki mikið úr kunnáttu sinni þótt árangurinn sýni annað. Hann segist aldrei hafa verið tanningamaður. „Ég hef aldrei haldið því fram að ég væri hestamaður en ef einhver segði að ég hafi ekkert vit á sauðfé yrði ég dálítið vondur. Ég hef ekki vit á hrossum, í það minnsta ekki að mati dómskerfisins, en það dæmir hver fyrir sig. Eins og ég sagði legg ég mikið upp úr því að hross séu falleg en

stundum verð ég ákaflega undrandi þegar hross sem mér finnst ekkert fallett fær feikn góðan byggingardóm.


Ég get ekki þakkað mér árangurinn af hrossunum héðan frá Feti að öðru leyti en því að sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Það er hins vegar eitt sem ég veit en get ekki útskýrt: Stundum þegar ég sé folald þá veit ég að það er og verður gott hross. Framhaldið ræðst síðan af mörgu. Hvernig uppeldinu er sinnt, hver tekur við og temur, hvernig eigandinn er og svo framvegis. Árangur hesta á mótum er einnig undir ýmsu kominn. Dagsformið getur ráðið miklu og þá á ég bæði við dagsform hesta, knapa og dómara. Það skiptir líka máli fyrir árangur hesta hvort þeir koma fram á landsmótsári eða ekki. Þeir sem koma fram á landsmótsári fá miklu meiri at-
hygli vegna þess að sýningar eru fleiri en ella.

– *En hvernig grisjar þú hópinn sem þú setur á að hausti?*

„Ég byrja að týna úr hópnum veturgömlum. Ef mér líkar ekki hvernig þau arta sig hjá mér, ef það er einhver þúkagangur í þeim þá lóga ég þeim. Svo bið ég þar til þau eru orðin þriggja vetra. Þá er farið yfir hópinn og tekin út þau hross sem ekki sýna neina sérstaka hæfileika eða eru haldin einhverri geðveilu. Þau hef ég í stíu hér í Feti, fóðra þau vel og bið þangað til ég losna við þau í sláturhús. Það fara alltaf nokkur hross á hverju hausti þá leið, þeirra á meðal eru merar þó ég gefi þeim alltaf meira tækifæri en folunum. Við þetta má svo bæta hrossum sem lenda í slysum.“

– *Hvaða markmið hefur þú sett þér í ræktuninni?*

„Markmiðið er að halda gæðunum. Því hefur verið haldið fram að það sé enginn vandi að



*Stóðhryssur á Feti. Fremst er Hjördís frá Feti. (Ljós-
m. Hulda Geirsdóttir).*

ná góðum árangri þegar menn stunda fjöldaframleiðslu eins og ég geri. Málið er að þótt fjöldinn sé mikill þá þurfum við að sinna öllum markaðnum, líka þeim sem vilja þæga hesta. Nú var ég nærri búinn að segja kvenhesta sem enginn þorir að segja lengur, það er frekar talað um rólega karlhesta núna.“

– *Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér í hestamenskunni?*

„Ég sé mestu möguleikana í Ameríku. Við þurfum að eiga góða íslenska tamningamenn í Bandaríkjunum til að kenna þar-
lendum að fara með hestana. Ef þessi markaður opnast er hann óskaplega stór og ég hef stundum svarað þeim sem eru að býsnast

yfir því hve mörg hross eru til í landinu með annarri spurningu: – Hvað ætlum við að gera daginn sem Ameríka opnast? Þegar það gerist förum við að fá almennilegt verð fyrir hrossin. Þetta rann upp fyrir mér þegar ég tók þátt í að stofna fiskmarkað. Markaðslögmálin hafa hins vegar ekki verið virk hér hjá okkur síðan við hættum að selja sauði snemma á öldinni sem leið.“

FEIKNAMIKIÐ GAMAN AF HROSSUM

– *Hvort ertu fiskverkandi, bóndi eða hestamaður?*

„Ég er ekki hestamaður heldur maður sem á hesta. Nágrannar mínir á Suðurnesjum fóru að

kalla mig útvegsbónda þegar ég var kominn á kaf í hestana. Ætli það sé ekki besta skilgreiningin. Ég er hérna fyrir austan frá því í apríl fram að jólum. Núna í haust gerðist það þegar ég var að koma hingað austur og fór yfir Þjórsárbrú að kvöldi til þá fannst mér ég í fyrsta sinn vera á heimleið.

Mér var tekið með nokkurri varúð þegar ég kom hingað austur fyrst. Á fyrstu sýningunni sem ég sendi hesta á var tekið fram að þetta hross ætti Brynjar Vilmundarson fiskverkandi í Keflavík. Það var ekkert verið að kynna aðra hestaeigendur hvort þeir væru gröfumenn eða bændur eða sjómenn. En ég þurfti að ganga í gegnum það að sanna mig fyrir þessu fólki hér eystra og það gekk ekki átakalaust fyrir sig.“

– Hvað færðu út úr því að rækta hross?

„Við því er stutt og laggott svar: Ég geri ekkert sem ég hef ekki gaman af. Ég hef alltaf komist upp með það. Mér hefur aldrei leiðst nein vinna og ég hef aldrei efast um að ef einhver annar getur eitthvað þá geti ég það líka. Ég hef alveg feiknalega gaman af hrossum. Um daginn kom til mín maður um fertugt sem vildi kaupa af mér folald en var með einhverjar efasemdir um það hvort hann gæti beðið eftir því að

það yrði að hesti. Þá svaraði ég því til að ég skildi vel að hann hefði ekki tíma til að bíða því hann væri svo gamall. Ég hefði hins vegar nógan tíma til að bíða eftir folaldinu. Ég er mjög fljót-huga en einnig þolinmóður og það er nauðsynlegur eiginleiki í hrossaræktinni. Þeir sem ekki búa yfir þolinmæði geta gleymt þessu starfi.

Ég hef átt margar vökunætur yfir fé í sauðburði eða merum sem eru að kasta. Þá hef ég vakað um bjartar nætur með hestunum og hundunum mínum og það eru forréttindi að fá að lifa slíku lífi. Hins vegar er ég fyrir löngu búinn að átta mig á því að þetta stúss mitt við hestana er ekkert annað en framhald á uppeldinu, þessari grjóthörðu sveitamennsku af elstu gerð sem ég ólst upp við og mótaðist af. Eitt af því sem ég fékk í arf var ísköld hreinskilni og hún fellur ekki öllum í geð.“

DÓMSKERFIÐ

Brynjar hefur oftast en einu sinni nefnt það hversu illa honum er við öll kerfi svo það liggur beint við að spyrja hvað honum finnst um dómkerfið í hestamennskunni.

„Já, ég veit að ég hef talað illa um kerfin en þið megið ekki álíta mig svo blankan að ég geri mér

ekki grein fyrir því að það verða að vera lög og reglur. En þegar ég sendi hross á sýningu er það mín heitasta ósk að það fái dóm sem endurspeglar verðleika þess. Kerfið má ekki vera svo stíft að hrossið njóti aldrei vafans. Auðvitað er það ekki svo og dómara hafa orðið markvissari með árunum en sjálfum finnst mér dómkerfið í kynbótageiranum sem byggist á heilum og hálfum tölum helvítis bull. Það er mín hjartans sannfæring en þessu vilja menn alls ekki breyta. Ég er handviss um að það verður hlegið að þessu kerfi í framtíðinni. Sennilega vilja menn ekki breyta þessu vegna þess að þeir eru ekki nógu góðir reikningsmenn.

Stundum þegar illa liggur á mér hef ég sagt að það væri gaman að sjá framan í þessa dómara ef ég fengi að dæma hestana þeirra. Öll völd eru vandmeðfarin en ég sé að það er stefnt að því núna að dreifa valdinu meira og það er ég ákaflega ánægður með.“

Þetta verða lokaorð Brynjars Vilmundarsonar útvegsbónda í Feti á Rangárvöllum þótt eflaust hefði verið hægt að ræða við hann lengi dags því hann hefur frá mörgu að segja og gerir það skemmtilega.

Viðtal: Pröstur Haraldsson

Hestamiðstöð Íslands...

Frh. af bls. 16

- * Ásta B. Pétursdóttir vegna samráðsfundar um reiðþjálfun fatlaðra
kr. 67.000
- * Sigrún Sigurðardóttir og Guðrún Fjelsted til náms í reiðþjálfun fatlaðra
kr. 600.000
- * Agnes Ósk Sigmundardóttir

vegna könnunar meðal áhugamanna um íslenska hestinn erlendis

kr. 100.000

- * Landsmót ehf vegna þáttargerðar til kynningar landsmóts
kr. 1.500.000
- * Sigríður Björnsdóttir vegna rannsókna á spatti
kr. 100.000
- * Ástund og Eyjólfur Ísólfsson vegna myndbandsgerðar
kr. 250.000

* Samtals styrkir 2002

kr. 5.947.000

Eins og sjá má eru verkefni Hestamiðstöðvarinnar nokkuð fjölbreytt og af nógu að taka í framtíðinni. Eitt af þeim verkefnum sem fyrir dyrum standa er að athuga möguleikann á útgáfu fræðsluefnis um íslenska hestinn, nokkurs konar handbók sem getur fylgt með öllum söluhestum í framtíðinni.